

Snjókort af Íslandi og skafrenningsspár

(ágrip)

Hróbjartur Þorsteinsson

Veðurstofa Íslands

Síðastliðna tvo vetur hefur Veðurstofa Íslands unnið með Vegagerðinni og Vegsýn að þróun hugbúnaðarkerfa til að vakta snjóþekju yfir landinu og spá fyrir um útbreiðslu hennar og þróun.

Verkefnið er hluti af SNAPS verkefninu, sem er samvinnuverkefni rannsókn- og þróunarstofnana á Norðurlöndunum

Í dag rekur Veðurstofan úrvinnslukeðju fyrir fjarkönnun á snjóþekju með gervitunglum. Einnig fara fram keyrslur á Harmonie veðurlíkaninu þar sem snjócoma og þróun snjóhulu eru meðal annars reiknaðar. Niðurstöðum þessara útreikninga ber vel saman við athuganir á snjóþekju og snjómagni í mörkinni. Með tilstyrk Vegagerðarinnar hefur Vegsýn þróað líkan til að spá fyrir um skafrenning og er þar m.a. byggt á gögnum úr veðurstöð og vefmyndavél Vegagerðarinnar á Steingrímsfjarðarheiði.

Skafrenningslíkanið hefur verið virkjað og með því eru nú reiknaðar skafrenningsspár í tilraunaskyni á grundvelli Harmonie veðurlíkansins. Skafrenningsspákort eru aðgengileg veðurfræðingum, Vegagerðinni og öðrum fagaðilum.